

Umhverfis- og heilbrigðisráð Reykjavíkur

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík

Tillaga um starfstímabil Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2021

Eftirfarandi tillaga að starfstíma og starfstímabilum í Vinnuskóla Reykjavíkur sumarið 2021 er lögð fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð:

Nemendum úr 8. bekk bjóðist að starfa í 3,5 tíma á dag í 15 daga (alls 52,5 tíma) á einu þriggja starfstímabila:

- 11. júní – 02. júlí
- 05. júlí – 23. júlí
- 26. júlí – 16. ágúst

Nemendum úr 9. bekk bjóðist að starfa í 7 tíma á dag í 15 daga (alls 105 tíma) á einu þriggja starfstímabila:

- 11. júní – 02. júlí
- 05. júlí – 23. júlí
- 26. júlí – 16. ágúst

Nemendum úr 10. bekk bjóðist að starfa í 7 tíma á dag í 20 daga (alls 140 tíma) á einu tveggja starfstímabila.

- 11. júní – 09. júlí
- 12. júlí – 06. ágúst

Greinargerð.

Ráðgert er að opna fyrir skráningar í Vinnuskóla Reykjavíkur í kringum mánaðarmótin mars/apríl. Búast má við miklum fjölda skráninga. Þar sem skólaárgangarnir eru fjölmennir í ár má jafnvel gera ráð fyrir enn meiri þátttöku en í fyrra sem var metár. Umhverfis- og heilbrigðisráð þarf að taka afstöðu til starfstímabila nemenda sem ráða miklu um endanlegan heildarkostnað skólans. Rétt er að geta þess að sækja verður bætingu á fjárhagsramma sem var ekki hækkaður milli ára.

Starfstímabilum og daglegum vinnutíma í vinnuskólum hefur verið hagað með ólíkum hætti í gegnum tíðina. Alla jafna ræðst fyrirkomulag þeirra annars vegar af þeim tímafjölda sem nemendur fá úthlutað og fjölda nemenda og hins vegar möguleikum vinnuskólanna á að ráða sumarstarfsfólk til þess að taka á móti nemendum. Flestir vinnuskólar í stærri sveitarfélögum bjóða upp á tvö eða fleiri starfstímabil af nokkrum ástæðum; þannig er bæði auðveldara að taka á móti öllum nemendum og að ráða leiðbeinendur/flokkstjóra og annað starfsfólk, aðstöðumál verða einfaldari þegar færri hópar eru að störfum hverju sinni, verkefnum er sinnt yfir lengri tíma og ekki er þörf á að halda úti jafn stórum lager af verkfærum og tækjum. Í heild má segja að með þessum hætti sé stuðlað að sem bestri nýtingu fjármuna og að þörfum og óskum nemenda og sumarstarfsfólks sé jafnframt mætt.

Helsti ókosturinn við skiptingu í tímabil er að ekki er hægt að mæta óskum allra foreldra og nemenda um starfstíma. Í flestum tilvikum er óskað eftir starfi í júní, sem sé beint eftir að grunnskólanum lýkur og augljóslega er ekki hægt að mæta því. Í Vinnuskóla Reykjavíkur er ekki óalgengt að um 75-85% nemenda/foreldra óski eftir starfi þá. Úthlutun hefur fyrst og fremst ráðist af skráningartíma þannig að þeir nemendur sem fyrr eru skráðir standa framar þegar kemur að vali á tímabilum.

Síðustu ár hefur nemendum úr 8.- 10. bekkjum grunnskóla Reykjavíkur boðist að starfa á einu af þremur starfstímabilum Vinnuskólans. Hvert tímabil hefur verið 3 vikna langt (15 dagar) þar til í fyrra þegar ákveðið var að lengja starfstíma 10. bekkinga í 4 vikur. Daglegur vinnutími nemenda og mögulegur heildarvinnutími 2020 voru eftirfarandi:

- 8. bekkur: 3,5 klst. á dag; 52,5 tímar alls.
- 9. bekkur: 7,0 klst. á dag; 105 tímar alls.
- 10. bekkur: 7, 0 klst. á dag; 140 tímar alls.

Starfstímabilin voru eftirfarandi:

8. og 9. bekkur:

09. - 30. júní

01. - 21. júlí

22. júlí – 12. ágúst

10. bekkur:

09. júní - 07. júlí

08. júlí - 05. ágúst.

22. júlí – 19. ágúst.

Rétt er að geta þess að þeir nemendur úr 9. og 10. bekk sem fara til starfa hjá íþróttafélögum, skátum, félagsmiðstöðvum, borgarstofnunum eða annar staðar standa utan við þessa niðurröðun þar sem Vinnuskólinn hefur ekki umsjón með þeim. Þeirra vinnutími og starfstímabil geta því verið með öðrum hætti.

10. bekkur og lenging starfstímans

Lenging starfstíma 10. bekkinga var almennt vel tekið meðal nemenda, foreldra og starfsfólks. Hins vegar var framkvæmdin flókin þar sem þrjú fjögurra vikna tímabil rúmuðust ekki innan starfsíma skólans. Lengja þurfti starf skólans inn í þá viku sem flestir framhaldsskólar voru settir. Því var tekið á móti nemendum 3. tímabils á nokkrum ólíkum dagsetningum til þess að þeir næðu fullum starfstíma. Að sama skapi hættu þeir á ólíkum dagsetningum í lok tímabils. Þegar þeir fyrstu hættu má segja að flótti hafi komið á fleiri og því varð ekki jafn mikið úr starfinu í síðustu vikunni og ætla hefði mátt – og starfsmannafjöldinn var í raun óþarflega mikill miðað við þann fjölda sem eftir sat. Tvö síðari tímabilin þurftu jafnframt að skarast sem gerði það að verkum að halda þurfti úti auknum starfsmannafjölda yfir þann tíma sem reyndist bæði flókið og óhagkvæmt. Við þetta má bæta að eingöngu 6% 10. bekkinga óskuðu eftir starfi á síðasta tímabilinu.

Hér er því lagt til að verði starfstími 10. bekkinga áfram 4 vikur þá verði tímabilin eingöngu tvö. Með þeim hætti má auðveldar manna stöður leiðbeinenda þar sem ekki þarf að huga að skörun tímabila. Ráðningin verður jafnframt styttri og starfstími nemenda teygist ekki inn í upphaf framhaldsskóla.

Guðmundur B. Friðriksson, skrifstofustjóri skrifstofu umhverfisgæða

Magnús A. Sveinbjörnsson, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur